

FRÉTTATILKYNNING

Reykjavík, 19. ágúst 2026

Alvotech birtir árshlutauppgjör fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2026

Alvotech birtir í dag uppgjör fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2026 og fjallar um nýlega áfanga í rekstri félagsins.

Ítarlegri útgáfu á ensku er að finna á vefsíðu félagsins fyrir fjárhagsupplýsingar:

<https://www.alvotech.com/is/financials> undir liðnum 2026 Q2, þar má einnig finna árshlutareikning með skýringum og kynningu fyrir uppgjörsfund með stjórnendum félagsins. Fundurinn verður sendur út í beinu streymi og hefst kl. 12, fimmtudaginn 20. ágúst. Skráning á fundinn fer fram hér: <https://edge.media-server.com/mmc/p/ppckxq33>.

Helstu niðurstöður árshlutareikningsins (án einskiptiliða¹)

- Aðlagðar heildartekjur¹ voru 211,9 milljónir dollara, samanborið við 306,1 milljón dollara á sama tímabili í fyrra.
- Framlegð af heildartekjum¹ var 54%, lítillega lægri en á sama tímabili í fyrra.
- Aðlöguð EBITDA-framlegð¹ nam 46,9 milljónum dollara, samanborið við 53,7 milljónir dollara á sama tímabili í fyrra.
- Sjóðsstaða í lok tímabilsins var 142,8 milljónir dollara samanborið við 172,4 milljónir dollara í árslok 2025.

Milljónir dollara – án einskiptiliða ¹	6M 2026	6M 2025	% breyting
Vöru og þjónustutekjur	105,9	204,7	-48,3%
Leyfistekjur og aðrar tekjur	105,7	101,4	4,4%
Aðrar tekjur	0,2	0,1	49,7%
Heildartekjur	211,9	306,1	-30,8%
Framlegð af heildartekjum	54%	55%	
EBITDA-framlegð	46,9	53,7	-12,7%

Helstu áfangar á öðrum ársfjórðungi

- Alvotech lagði inn að nýju umsóknir um markaðsleyfi hjá Matvæla- og lyfjastofnun Bandaríkjanna (FDA), fyrir AVT05, fyrirhugaða hliðstæðu við Simponi og Simponi Aria og AVT06, fyrirhugaða hliðstæðu við Eylea, eftir að félagið hafði svarað að fullu athugasemdum FDA sem fram komu í svonefndu *Post-Application Action Letter* (PAAL).
- Samstarfsfélag Alvotech, Dr. Reddy's Laboratories, lagði inn að nýju umsókn um markaðsleyfi fyrir AVT03, fyrirhugaða hliðstæðu við Prolia og Xgeva, sem Alvotech þróaði og framleiðir.

¹ Tölurnar sýna tekjur, hagnað eða tap tímabilsins að teknu tilliti til einskiptis- og óreglulegra liða. Nánari upplýsingar er að finna á síðunni 'Reported to Adjusted Reconciliation' í ítarlegri útgáfu tilkynningarinnar á ensku, sem nálgast má á vefsíðu Alvotech <https://alvotech.com/is/financials> undir liðnum 2026 Q2.

- FDA staðfesti að niðurstaða varðandi umsóknirnar um markaðsleyfi ætti að liggja fyrir innan 6 mánaða, á síðasta fjórðungi ársins 2026
- FDA staðfesti einnig að úttekt á framleiðsluáðstöðu félagsins í Reykjavík, sem fram fór í apríl og maí sl., væri að fullu lokið og aðstaðan væri flokkuð *Voluntary Action Indicated (VAI)*.
- Alvotech lauk hlutafjárútboði í Bandaríkjunum og sölu hlutabréfa til fagfjárfesta og viðurkenndra gagnaðila á Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Alvotech hyggst nýta afrakstur af sölu hlutanna, um 165 milljónir dollara, til þess að fjármagna þróun nýrra hliðstæðna, í veltufé og til að standa straum af rekstrarkostnaði.
- Félagið styrkti lausafjárstöðu sína enn frekar með 75 milljóna dala lánsfjármögnun frá hópi fjárfesta undir forystu GoldenTree Asset Management.

Ummæli Lisu Graver, forstjóra:

„Fyrstu sex mánuði ársins unnum við ötullega að forgangsverkefnum félagsins, þar á meðal umtalsverðum úrbótum á framleiðsluáðstöðu og gæðakerfum. Þessi vinna gerði okkur kleift í júní sl. að leggja inn að nýju umsóknir um markaðsleyfi í Bandaríkjunum fyrir AVT05 og AVT06, auk þess sem samstarfsaðili okkar lagði inn að nýju umsókn fyrir AVT03. Þetta var mikilvægur áfangi á þeirri leið að tryggja markaðsleyfi frá FDA á síðasta fjórðungi ársins 2026. FDA staðfesti einnig að reglubundinni cGMP-úttekt á framleiðsluáðstöðunni í Vatnsmýri væri að fullu lokið og aðstaðan væri flokkuð VAI.

„Við náðum einnig góðum árangri í lyfjaþróun. FDA samþykkti nýlega að taka til umfjöllunar umsókn okkar um markaðsleyfi fyrir AVT16, fyrirhugaða hliðstæðu með útskiptileika við líftækniþróun Entyvio. Þá staðfesti Lyfjastofnun Evrópu (EMA) að teknar hefðu verið til umsagnar markaðsleyfisumsóknir fyrir AVT16 og AVT80. Við teljum okkur vera í kjörstöðu þegar kemur að markaðssetningu þessara nýju hliðstæðna.

„Úrbæturnar í framleiðslunni höfðu umtalsverð áhrif á afköst á fyrri helmingi ársins og drógu úr vöruframboði okkar. Þetta endurspeglast í tekjum og aðlagðri EBITDA-framlegð á þessu tímabili. Framleiðslan komst aftur á réttan kjöl í lok annars ársfjórðungs. Við erum að byggja upp birgðastöðu til að geta mætt staðfestri eftirspurn. Það mun leiða til betri afkomu þegar líður á síðari helming ársins. Mikilvægt er að undirstrika að eftirspurn eftir okkar lyfjum er mjög mikil, bæði í Bandaríkjunum og Evrópu.

„Við erum nú með fimm hliðstæður á markaði, sem skila umtalsverðum vöruheildum og mikilvægir áfangar í leyfisveitingum eru fram undan. Öflugur stuðningur frá núverandi og nýjum fjárfestum sem fram kom í nýlegu hlutafjárútboði og aðgengi að nýju lánsfé styrkir enn frekar fjárhagsstöðu félagsins og gerir okkur betur kleift að grípa þau miklu tækifæri sem fram undan eru.“

Afkomuspá fyrir árið 2026

Félagið gerir ráð fyrir að heildartekjur ársins 2026 (án einskiptiliða) verði á bilinu 650-700 milljónir dollara og EBITDA-framlegð (án einskiptiliða) á bilinu 180-220 milljónir dollara.

Boð á kynningu á árshlutauppgjörinu

Stjórnendur félagsins kynna uppgjörið á fundi sem sendur verður út í beinu streymi og hefst kl. 12 fimmtudaginn 20. ágúst nk.

Til þess að hlusta á beint streymi af fundinum:

<https://edge.media-server.com/mmc/p/2qwpypd4>

Til þess að hlusta eða leggja fram spurningu úr síma (hverjum þátttakanda er úthlutað PIN):

<https://register-conf.media-server.com/register/BI179b5ef63d8c4924a2076cb25acf4b15>

Kynningarglærur fyrir fundinn og önnur gögn er að finna undir liðnum 2026 Q2 á slóðinni:

<https://alvotech.com/is/financials>

Nánari upplýsingar veita:

Fyrir fjölmiðla – alvotech.media@alvotech.com

Benedikt Stefansson

Sarah MacLeod

Fyrir fjárfesta - alvotech.ir@alvotech.com

Dr. Balaji V Prasad

Benedikt Stefansson

Fjárhagsdagatal:

Uppgjör eftir hvern ársfjórðung er birt eins og sjá má í töflunni, eftir lokun markaða í Bandaríkjunum.

Uppgjörsfundur fer fram næsta dag. Dagatalið er birt með fyrirvara um mögulegar breytingar.

Ársfjórðungur	Birting uppgjörs	Uppgjörsfundur
3F 2026	11. nóvember 2026	12. nóvember 2026
4F 2026	10. mars 2027	11. mars 2027

Um Alvotech

Alvotech er líftækniyrirtæki stofnað af Róberti Wessman sem einbeitir sér að þróun og framleiðslu líftæknihlíðstæðulyfja fyrir sjúklinga um allan heim. Alvotech stefnir að því að verða leiðandi á sviði líftæknihlíðstæðulyfja. Til að tryggja hámarksgæði eru allir þróunar- og framleiðsluþættir í höndum fyrirtækisins. Alvotech hefur sett fimm hlíðstæður á alþjóðlegan markað. Þá vinnur félagið meðal annars að þróun líftækniyfjahlíðstæða sem nýst geta sjúklingum með krabbamein, sjálfsofnæmis-, augn- og blóðsjúkdóma. Alvotech hefur gert samninga um sölu, markaðssetningu og dreifingu við samstarfsaðila á öllum helstu mörkuðum, í Bandaríkjunum, Evrópu, Japan, Kína, öðrum hlutum Asíu, Rómönsku Ameríku, Afríku og Mið-Austurlöndum.

Frekari upplýsingar er að finna á vefsíðu Alvotech <https://alvotech.is>. Þá má fylgjast með Alvotech á samfélagsmiðlunum LinkedIn, Facebook, Instagram, og YouTube.